

	4. Byggingar og búnaður	
4.22.1	Meindýr / smitvarnir	Frávík: Merki um meindýr í fóðri. Engar fyrirbyggjandi ráðstafanir gerðar til varnar því að meindýr komist í fóður. Eitur kemst í snertingu við fóður. Notuð er drekking eða límbakkar.
4.23.1	Verklag þrifa	Frávík: Aðstaða fyrir fóður skal vera vel um gengin og hrein. Ekki séu óæskileg efni geymd í fóðurgeymslum. Eru moð og fóðurrestar fjarlæggt jafn óðum.
4.26.1	Verklag við aukaafurðir	Frávík: Engin aðstaða til förgunar úrgangs (spilliefni/hræ). Er uppsöfnun á hræjum.
4.32.1	Aðkoma að hesthúsi og umhverfi hesthúss	Frávík: Áhöld/drasl sem veldur slyshættu. Sóðaskapur.
	5. Vörumeðferð	
5.24.1	Verklag við umbúðir og beit - mengun fóðurs vegna efna og búfjárúrðar	Frávík: Slegin eða beitt nýáborin tún. Alvarlegt frávík: Áburðarsekkir notaðir undir fóður. Kjöttmjöl og molta ekki notað samkvæmt reglum.
5.24.2	Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs	Frávík: Mikið af götöttum pakkningum um hey. Dýr komast í heystæður. Útistæður geymdar við ófullnægjandi aðstæður.
5.24.3	Skráningar á notkun plöntuvarnarefna og sæviefna	Frávík: Skráningar ófullnægjandi s.s. á notkun eitrefna
5.24.4	Skráningar á notkun sáðvöru - tegund, notkunarstaður, sölufyrirtæki	Frávík: Skráningar ófullnægjandi. Alvarlegt frávík: Söluaðili ekki skráður sem slíkur.
5.33.1	Sjúkdóma- og lyfjaskráning	Frávík: Útrunnin lyf eða ólögleg. Lyfjaskráningar og/eða sjúkdómaskráningar ekki tiltækar.
	6. Framleiðslustjórnun	
6.21.1	Skráningar við móttöku - uppruni og magn fóðurs sem keypt er inn	Frávík: Skráningar ófullnægjandi. Alvarlegt frávík: Söluaðili fóðurs ekki skráður sem slíkur.
	7. Neytendavernd	
7.31.1	Merking gripa - einstaklingsmerkingar	Frávík: Einhver hross ekki örmerkt.
7.31.2	Hjarðbók	Frávík: Uppfærslu WorldFengs ábótavant. Haustskýrslu ekki skilað.
	8. Dýrasjúkdómar	
8.45.2	Smitgát á býlinu	Frávík: Þrífaaðstöðu ábótavant. Ekki aðstaða til handþvottar og þrifa á skófatnaði.
	9. Velferð	
9.42.1	Slyshætta í hesthúsi	Frávík: Viðhaldi og/eða frágangi ábótavant s.s. skemmd/biluð; gólf, innréttingar, milligerði, hurðir, stallar, raflagnir. Alvarlegt frávík: Áverkar á gripum eða mikil slyshætta.
9.42.2	Hönnun á rými - Geymsla á fóðurbæti/hættulegum efnum	Frávík: Ekki nógu trygg geymsla á fóðurbæti. Heilsuspillandi fúavarnarefni notuð innandyr.
9.42.3	Samskipti hrossa	Frávík: Hross sjá ekki aðra hesta á húsi eða eru hýst ein.
9.43.1	Lýsing	Frávík: Ónóg lýsing. Alvarlegt frávík: Hvorki lýsing né dagsbirta, ekki hægt að fylgjast með hrossum.
9.43.2	Loftgæði og loftræsting	Frávík: Dragsúgur, þungt loft. Alvarlegt frávík: Vond lykt (stækja). Of kalt eða of heitt þannig að gripir sýni vanlíðan. Mikill raki blautir gripir, veggir og/eða loft blautt, slepja, mygla og/eða fúkki.
9.43.3	Neyðarrýming	Frávík: Áberandi þrensli við útidyr. Löng leið og flókin að útidrym - varaleið vantar. Ekki hægt að opna útihurðir utanfrá.

9.44.1	Fóðrun og brynning	Frávik: Aðgengi að vatni ábótavant/rennsli of lítið. Óhreinindi í vatni. Hross hafa ekki aðgang að heyi tvisvar á dag. Fóðrun nær ekki lágmarkskröfum. Alvarleg frávik: Vatnsleysi. Alvarleg vanfóðrun. Alvarleg offóðrun.
9.44.2	Hreyfigeta- tjóðrun	Frávik: Hross bundin á bás eða í stú í meira en 5 daga.
9.44.3	Eftirlit með hrossum á húsi	Frávik: Ekki daglegt eftirlit. Alvarlegt frávik: Slasaðir og/eða veikir gripir án þess að gripið hafi verið til aðgerða. Veruleg vanræksla.
9.44.4	Hreinleiki hrossa	Frávik: Skítugir/blautir gripir og legusvæði óhreint/blautt. Alvarlegt frávik: Mjög skítugir og vansælir gripir.
9.44.5	Hófhirða	Frávik: Hófhirðu ábótavant. Alvarlegt frávik: Hófhirðu alvarlega ábótavant, hófar aflagaðir og bati tvísýnn þó gripið væri til aðgerða.
9.44.6	Stíur - rými	Frávik: Stærð stía uppfyllir ekki viðmið í reglugerð (-10%). Skemmsta hlið of stutt (frestur til úrbóta 5 ár). Stærð bása uppfyllir ekki viðmið. Básar notaðir umfram tímamörk. Alvarlegt frávik: Einungis básar (frestur til úrbóta 1 ár). Vansæld gripa vegna þrengsla. Hross geta ekki snúið sér auðveldlega.
9.44.7	Útivist (brúkun+önnur útivist að jafnaði minnst 1 klst á dag)	Frávik: Greinilegur misbrestur á ákvæðum reglugerðar um útivist. Hross ekki sett á beit í tilskilin tíma að sumri. Alvarlegt frávik: Hross ekki sett út. Engin sumarheit.
9.44.8	Hljóðmengun	Frávik: Stöðugur og óþægilegur hávaði.
9.44.9	Holdafar	Frávik: Þunnir gripir inná milli (2,5) sem ekki njóta sérstaks atlatís. Alvarlegt frávik: Hrossin ná almennt ekki reiðhestsholdum og/eða einstaklingar verulega aflagðir (undir 2,5) eða horaðir (undir 2). Hrossin almennt yfir 4 í holdastigun og/eða einstaklingar í holdastigi 4,5 - 5. Mörg hross með áberandi fitusöfnun í makka og önnur einkenni efnaskiptaröskunar.
9.44.10	Húð og hárafar - innri óværa	Frávik: Umtalsverð merki um lús, sveppasýkingu eða holdhjúska. Hrossin grönn, úfin og kviðmikil. Alvarlegt frávik: Áberandi vanhírða og vanlíðan.
9.44.11	Undirlag í stíum	Frávik: Of hart undirlag. Alvarlegt frávik: Ber steinsteypa.
9.44.12	Gerði - rými - þrif - undirlag	Frávik: Gerði minna en 100 fermetrar (20 fm/hest í nýjum húsum, skemmsta hlið styttri en 5 metrar). Undirlag blautt og óþrifalegt. Ekkert vatn í langtímagerði. Rafmagnsvír eða gaddavír í gerði.
9.46.1	Aukið hreinlæti - Tæknivæddar þjálfunarstöðvar	Frávik: Vatn í vatnsbrettum ekki hreinsað/sóthreinsað. Alvarlegt frávik: Engar smitvarnir
9.46.2	Sérfræðiþekking - Tæknivæddar þjálfunarstöðvar	Frávik: Rekstraraðili uppfyllir ekki kröfur um þekkingu. Endurhæfing eftir slys/veikindi án tilvísunar.
9.46.3	Aukið eftirlit - Tæknivæddar þjálfunarstöðvar	Frávik: Ekki stöðugt eftirlit með hrossum í þjálfunartækjum. Alvarlegt frávik: Ekkert eftirlit með hrossum í þjálfunartækjum.
9.46.4	Skráning dagbókar - Tæknivæddar þjálfunarstöðvar	Frávik: Dagbókarfærslur ófullnægjandi. Alvarlegt frávik: Engin dagbók haldin.
9.46.5	Skráning dagbókar – Hestaleigur og reiðskólar	Frávik: Dagbókarfærslur ófullnægjandi. Alvarlegt frávik: Engin dagbók haldin.
9.46.6	Önnur eftirlitsatriði – Hestaleigur og reiðskólar	Frávik: Einstaka hross með álagseinkenni / ófullnægjandi járnningar. Alvarlegt frávik: Mörg hross með álagseinkenni / ófullnægjandi járnningar.

9.45.1	Skjól	Frávik: Skjól ófullnægjandi og hrossin ekki í sæld (eitthvað af hrossum um eða undir 2,5 í holdastigun og/eða athugasemdir við hárafar). Alvarlegt frávik: Berangur eða mjög blautt land og ekkert skjól. Vansæl hross (mörg hrossanna um eða undir 2,5 í holdastigun og/eða athugasemdir við hárafar).
9.45.2	Umhverfi - gjafasvæði/slyshætta	Frávik: Uppvaðið gjafasvæði (legusvæði). Gripir skítugir og blautir. Augljós slyshætta af vanhirtum girðingum eða öðru drasli. Alvarlegt frávik: Slösuðuð hross, greinileg vanlíðan.
9.45.3	Eftirlit með hrossum á útigangi	Frávik: Eftirlit sjaldnar en vikulegt. Erfitt að koma við eftirliti (engin aðstaða til að reka að, hross í mikilli fjarlægð frá bæ eftir að beitartíma á afrétti lýkur). Alvarlegt frávik: Ekkert eftirlit eða því verulega ábótavant.
9.45.4	Fóðrun/beit og brynning	Frávik: Fóðrun eða beit ónóg. Gripir komast ekki allir að í einu. Aðgangur að vatni (snjó) takmarkaður. Enginn aðgangur að beit hjá hrossum á gjöf (án þess að snjóalög hamli). Alvarlegt frávik: Engin fóðrun eða beit. Engin brynning hvorki vatn né snjó og/eða of lítið vatn eða snjó. Hætta af menguðu yfirborðsvatni.
9.45.5.	Hófhirða	Frávik: Hófhirðu ábótavant. Alvarlegt frávik: Hófhirðu mikið ábótavant, hófar aflagaðir og bati tvísýnn þó gripið væri til aðgerða.
9.45.6	Holdafar	Frávik: Þunnir gripir inná milli (2,5) sem ekki njóta sérstaks atlætis (ath árstíma). Alvarlegt frávik: Hrossin ná almennt ekki reiðhestsholdum (ath árstíma) og/eða einstaklingar verulega aflagðir (undir 2,5) eða horaðir (undir 2). Hrossin almennt yfir 4 í holdastigun og/eða einstaklingar í holdastigi 4,5 - 5. Mörg hross með áberandi fitusöfnun í makka og önnur einkenni efnaskiptaröskunar.
9.45.7	Húð og hárafar - innri óværa	Frávik: Umtalsverð merki um lús, sveppasýkingu eða holdhjúska. Hrossin grönn, úfin og kviðmikil. Alvarlegt frávik: Áberandi vanhirða og vanlíðan.
9.45.8	Aðstaða til ytra eftirlits	Frávik: Ekki hægt að skoða hrossin vegna aðstöðuleysis eða annara hindrana.
9.45.9	Hópaskipting hrossa	Frávik: Hrossin komast ekki öll í einu að fóðri og lægra sett hross standa utan við hópinn. Yfir 40 hross í hópi með mismunandi fóðurþarfir. Ath. hópar mega vera stærri ef fóðurþarfir eru sambærilegar og aðgengi að fóðri mjög gott.